

Hættuleg málfarsumræða

1. Inngangur

Á Íslandi er löng hefð fyrir virkri umræðu um málfar og málvöndun sem ein-kennist gjarnan af íhaldssömum viðhorfum íslenskra málhafa gagnvart þjóð-tungu sinni. Undanfarna áratugi hefur sú umræða í miklum mæli tekið sér ból-festu í athugasemdakerfum fréttamiðla og á samfélagsmiðlum. Málfarsumræðan fjallar að miklu leyti um skilgreiningar málhafa á „réttu“ og „röngu“ máli og getur hún stundum verið ansi neikvæð, jafnvel byggð á fordómum gagnvart öðrum málhöfum þar sem ákveðinn hópur málvöndunarsinna, sem telur sig tala rétt og gott mál, tengir hin ýmsu tilbrigði tungumálsins við mannkosti og sýnir yfirburði og vald gagnvart öðrum málhöfum, jafnvel á ofbeldisfullan hátt, eins og nánar verður fjallað um í kafla 2.2.¹ Í svona tilvikum þykir málvöndunarsinum eðlilegt að lítillækka málhafa sem hafa óæskileg tilbrigði í máli sínu og ráðast jafnvel á persónu þeirra, meðal annars með því að draga gáfnafar viðkomandi og hæfni til að sinna starfi sínu í efa. Á þessum vettvangi kemur einnig fyrir að málhafar beiti fordómafullum málflutningi og jafnvel hatusorðræðu gagnvart jaðarsettum hópum í skjóli málvöndunar og varðveislu íslenskrar tungu.

Í þessari grein verður fjallað um mörk málfarsumræðu og hatusorðræðu og það sem gerist þegar mengi þeirra skarast. Kynntar verða niðurstöður rann-sóknar á eitraðri málfarsumræðu íslenskra málhafa á samfélagsmiðlum á árun-um 2014–2022. Efniviður rannsóknarinnar er athugasemdir málnotenda sem safnað var úr umræðuþráðum á samfélagsmiðlum, aðallega síðum fréttamiðla á Facebook og umræðuhópunum *Málvöndunarþátturinn*, *Íslenskt mál* og *Gagnrýnum*

¹ Í greininni er orðið „málvöndunarsinni“ víða notað til að lýsa þeim hóp sem fjallað er um. Rétt er að taka fram að höfundur telur hvorki að viðleitni til málvöndunar almennt sé í eðli sínu neikvæð né að allir málhafar sem taki þátt í málfarsumræðu geri það á þann hátt sem hér er lýst.



RÚV á sama miðli. Í rannsókninni voru skoðaðar athugasemdir málnotenda og greindar þrjár ólíkar birtingarmyndir þess að hatursfull eða eitruð ummæli séu látin falla í skjóli málvöndunar eða varðveislur íslenskrar tungu. Að lokum verða færð rök fyrir því að neikvæð og ofbeldisfull málfarsumræða skapi vettvang fyrir útbreiðslu fordóma og hatursorðræðu sem ógnar öryggi þeirra jafnarsettu hópa sem hún beinist gegn.²

Í greininni eru birt hatursfull ummæli í óbreyttri mynd eins og þau voru skráð á ofangreinda miðla. Ummælin innihalda fordómafulla orðræðu gegn konum, útlandingum, hinsegin fólki og svörtu og brúnu fólki. Skipulag greinarinnar er með eftirfarandi hætti: Í kafla 2.1. verður gerð örstutt grein fyrir hugtakinu hatursorðræðu og þeim skaðlegu áhrifum sem hún hefur. Í kafla 2.2. verður fjallað um íhaldssöm viðhorf íslenskra málhafa til tungumálsins sem hluta af íslenskri þjóðarsjálfsmynd og um heiftarlega og eittraða málfarsumræðu. Í kafla 3 verður sagt frá því hvernig heiftarleg málfarsumræða getur skapað grundvöll fyrir fordóma og útilokun þar sem mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu skarast. Í köflum 3.2–3.4 verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og þær greindar. Í kafla 4 verða niðurstöður teknar saman ásamt fáeinum lokaorðum.

2. *Heiftarleg málfarsumræða, hatursorðræða og hættuleg orðræða*

2.1. *Hatursorðræða og hættuleg orðræða*

Hugtakið hatursorðræða (e. *hate speech*) hefur orðið fyrirferðarmeira í íslenskri umræðu á undanförunum misserum, ekki síst í samhengi við bakslag í réttindum hinsegin fólks á Íslandi.³ Ráðherraráð Evrópuráðsins hefur skilgreint hatursorðræðu með eftirfarandi hætti:

[Ö]ll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþátta-hatur, útlandingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri/óvæginni þjóðræknisstefnu/þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna.⁴

² Höfundur þakkar ritstjóra *Ritsins* og tveimur nafnlausum ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar. Þakkir fá einnig Iris Edda Nowenstein og Þorbjörg Þorvaldsdóttir fyrir áhugaverðar umræður og góð ráð.

³ Þorbjörg Þorvaldsdóttir, „Hvaða bakslag?“, *Hinsegin dagar*, 1. ágúst 2023, sótt 23. apríl 2024 af <https://hinsegin dagar.is/hvada-bakslag/>.

⁴ Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög*

Katrín Jakobsdóttir, þáverandi forsætisráðherra, mælti fyrir þingsályktunartil-lögu í byrjun árs 2023 um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–26 en áætlunin var byggð á tillögum Evrópuráðsins frá 2022 sem íslensk stjórn-völd skrifuðu undir.⁵ Erfitt getur verið að skilgreina hatursorðræðu enda er hún ekki aðeins túlkðu á málfræðilegum grundvelli heldur fyrst og fremst lagalegum. Í 233. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir:

Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigð-ar eða kynvitundar, – eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.⁶

Hatursorðræða er ofbeldisverknaður í eðli sínu og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir minnihlutahópa sem hún beinist gegn, bæði í heild og fyrir einstaklinga innan þeirra.⁷ Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á skaðsemi hatursorðræðu og bein og óbein áhrif hennar á þá einstaklinga og hópa sem hún beinist gegn.

Í rannsókn sinni á upplifun og viðbrögðum fórnarlamba við hatursorðræðu gegn gyðingum og samkynhneigðum sýndi félagsfræðingurinn Laura Leets fram á að fórnarlömb hatursorðræðu upplifi áfallastreitueinkenni, sambærileg við fórnarlömb annarra ofbeldisglæpa.⁸ Rannsóknir hafa einnig sýnt að hatursorð-ræða hefur sterkt forspárgildi um aukna sjálfsvígstúðni meðal þeirra sem fyrir henni verða.⁹ Óbein áhrif hatursorðræðu eru þó ekki síður skaðleg enda geta þau mótað viðhorf og afstöðu samfélagsins gagnvart minnihlutahópunum sem hún beinist gegn.

og reglur – ábendingar til framtíðar, skýrsla unnin fyrir Mannréttindaskrifstofu Íslands, 2013, sótt 7. janúar 2025 af <https://rafladan.is/bitstream/handle/10802/5827/Hatursordraeda-yfirlit-yfir-gildandi-log-og-reglur-abendingar-til-framtidar.pdf?sequence=1>.

⁵ Alþingi, „Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026“, *Þingskjal* 1212, 795. mál, 153. löggjafarþing 2022–2023, sótt 23. apríl 2024 af <https://www.althingi.is/altext/raeda/153/rad20230308T162830.html>.

⁶ *Almenn hegningarlög nr. 19/1940*, 233. gr. a.

⁷ Brian Mullen og Joshua M. Smyth, „Immigrant Suicide Rates as a Function of Ethnophaulisms. Hate Speech Predicts Death“, *Psychosomatic medicine* 66: 3/2004, bls. 343–348.

⁸ Laura Leets, „Experiencing Hate Speech. Perceptions and Responses to Anti-Semitism and Antigay Speech“, *Journal of Social Issues* 58: 2/2002, bls. 341–361.

⁹ Brian Mullen og Joshua M. Smyth, „Immigrant Suicide Rates as a Function of Ethnophaulisms“.

Þegar einstaklingar sem standa utan minnihlutahópsins lesa eða heyra reglulega hatursorðræðu gegn honum á sér stað svokölluð ónæming (e. *desensitization*). Með öðrum orðum venjast einstaklingarnir hatrinu sem felst í orðræðunni og hætta að taka hana nærri sér. Þetta leiðir til þess að samkennd með viðkomandi minnihlutahóp minnkar í samfélaginu, hópurinn verður jaðarsettari og forðómar gagnvart honum aukast.¹⁰ Með þessu skapast ástand þar sem mismunun og lítilsvirðing ákveðinna samfélagshópa verður eðlileg og almennt viðurkennd og í alvarlegustu tilvikum leiðir slíkt ástand til samfélagsrofs.¹¹

Ljóst er af þessari umfjöllun að hatursorðræða þarf ekki beinlínis að hvetja til ofbeldis til þess að ofbeldi aukist í kjölfar hennar.¹² Með því að leyfa hatursorðræðu að þrífast óáreittri á opinberum vettvangi er öryggi minnihlutahópanna sem hún beinist gegn ógnað á margvíslegan hátt. Orðræða getur þó verið hættuleg og skaðleg án þess að falla undir lagalega skilgreiningu hatursorðræðu.

Susan Benesch gerir greinarmun á hatursorðræðu og svokallaðri hættulegri orðræðu (e. *dangerous speech*).¹³ Samkvæmt skilgreiningu hennar er hættuleg orðræða hvers kyns orðræða sem eykur hættuna á því að áheyrendur hennar samþykki eða taki þátt í ofbeldi gagnvart ákveðnum hóp. Hættuleg orðræða þarf þar af leiðandi ekki að teljast til hatursorðræðu í lagalegum skilningi, né þarf hatursorðræða að teljast til hættulegrar orðræðu, það er að segja hatursorðræða sem enginn tekur mark á þarf ekki að vera hættuleg.¹⁴

Þótt hugtökin tvö skarist að mörgu leyti er ljóst að hættuleg orðræða nær út fyrir lagalega túlkun á hatursorðræðu og nauðsynlegt er að skilgreina hana betur, ekki síst á íslenskum vettvangi. Ekki er svigrúm til að gera það hér en í greininni

¹⁰ Wiktor Soral, Michal Bilewicz og Mikolaj Winiewski, „Exposure to Hate Speech Increases Prejudice through Desensitization“, *Aggressive behavior* 44: 2/2018, bls. 136–146; Samtökin ‘78, *althingi.is*, „Umsögn Samtakanna ‘78 um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940“, 2019, sótt 9. mars 2022 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4769.pdf>.

¹¹ Tanya Katerí Hernández, „Hate Speech and the Language of Racism in Latin America. A Lens for Reconsidering Global Hate Speech Restrictions and Legislation Models“, *University of Pennsylvania Journal of International Law*, 32/2010, bls. 805–841; Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur.

¹² Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög og reglur*, Samtökin ‘78, „Umsögn Samtakanna ‘78“.

¹³ Susan Benesch, „Dangerous Speech“, *Challenges and perspectives of hate speech research*, ritstjórar Cristian Strippel, Sünje Paasch-Colberg, Martin Emmer og Joachim Trebbe, Digital Communication Research, 2023, bls. 185–197.

¹⁴ Susan Benesch, „Dangerous Speech“, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, „Hættuleg orðræða“, *Vísir*, 9. júní 2023, sótt 23. apríl 2024 af <https://www.visir.is/g/20232425864d/haettuleg-ordraeda>.

verða notuð hugtökin hatursorðræða og eitruð orðræða (e. *toxicity*), víðara hugtak um dónaleg og neikvæð ummæli sem ekki teljast vera hatursorðræða, það er að segja þau beinast ekki gegn jaðarsettum samfélagshópi, til að halda samræmi í umfjöllun og við fyrri rannsóknir sem vísað er til. Hatursorðræða getur birst á ýmsum samfélagslegum vettvangi, þar á meðal í málfarsumræðu þar sem íhaldsöm viðhorf málhafa til tungumálsins geta orðið grundvöllur fordóma.

2.2. Íslensk málfarsumræða og þjóðarsjálfsmynd

Í íslensku samfélagi er aldalöng hefð fyrir tilraunum til málstýringar með varðveislu íslenskrar tungu og málrækt að leiðarljósi.¹⁵ Íslensk málstefna hefur frá upphafi markast af hreintungustefnu, þar sem meginstefin eru hreinleiki tungumálsins og tryggð við uppruna þess.¹⁶ Þessi stef heyrast einnig í almennri málfarsumræðu í íslensku samfélagi en rannsóknir hafa sýnt að íslenskur almenningur hefur alla jafna fremur íhaldssöm viðhorf til málsins og þar ráða gjarnan för „gildandi málnotkunarviðmið“ í samræmi við formlega skráðan ritmálsstaðal.¹⁷

Eins og Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir benda á eru ráðandi viðhorf í íslenskri málfarsumræðu ótti við hnignun málsins eða mál-dauða, oft vegna utanaðkomandi afla eða málbreytinga, og varðveisla hreinleika tungumálsins.¹⁸ Rannsókn Stefanie Bade á duldum viðhorfum (e. *covert attitude*) íslenskra málhafa til íslensku sem er töluð með hreim leiddi í ljós að margir Ís-

¹⁵ Amanda Hilmarsson-Dunn og Ari Páll Kristinsson, „The Language Situation in Iceland“, *Current Issues in Language Planning*, 11: 3/2010, bls. 207–276.

¹⁶ Ari Páll Kristinsson, *Málheimar. Sitt hvað um málstefnu og málnotkun*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017, bls. 129–147; Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*, Reykjavík: Íslensk málnefnd, 1990.

¹⁷ Amanda Hilmarsson-Dunn og Ari Páll Kristinsson, „The Language Situation in Iceland“; Hanna Óladóttir, Shake, sjeik eller mjólkurhristingur? *Íslandske holdninger til engelsk språkpåvirkning*, Oslo: Novus, 2009; Kristján Árnason, „Á vora tungu.“ Íslenskt mál og erlend hugsun“, *Skirnir*, 178: haust/2004, bls. 375–404; Kelsey Page Hopkins, „Að of-reyna sig við að reyna að vanda sig. Athugun á almennri umræðu um málvöndun í Facebook-hópnum Málvöndunarþátturinn“, *Málfregnir*, 1/2020, bls. 28–33; Finnur Friðriksson, *Language change vs. stability in conservative language communities. A case study of Icelandic*, doktorsritgerð við Háskólann í Gautaborg, 2008; Stephen Pax Leonard og Kristján Árnason, „Language ideology and standardisation in Iceland“, *Standard languages and language standards in a changing Europe*, 2011, bls. 91–96.

¹⁸ Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir, „Perceived Threats to the Future of Icelandic and the Importance of Language Acquisition Research“, *Sociolinguistica* 38: 2/2024, bls. 45–67; Monica Heller og Alexandre Duchêne, „Discourses of Endangerment“, *Discourses of Endangerment*, ritstjórar Alexandre Duchêne og Monica Heller, Continuum, 2007, bls. 1–14; Deborah Cameron, „Language Endangerment and Verbal Hygiene“, í sama riti, bls. 268–286.

lendingar telja íslensku tilheyra Íslendingum einum og að hún skilgreini þá sem þjóð.¹⁹ Þetta er merki um að íhaldssöm viðhorf íslenskra málhafa til tungumálsins og varðveislu þess séu hluti af íslenskri þjóðarsjálfsmynd (e. *national identity*).²⁰

Blönduð þjóðarsjálfsmynd getur falið í sér atriði sem eru í mótsögn hvert við annað. Til dæmis gæti Íslendingur samsvarað sig með öðrum Norðurlandþjóðum en á sama tíma fundist íslenskt samfélag vera sérstakt og óháð öðrum. Hann telur kannski íslenska náttúru og náttúruverndarsjónarmið mikilvæg en heldur einnig upp á sólarlandaferðir. Hann kann að vera íhaldssamur gagnvart menningararfleifð sinni, þykja vænt um þjóðsögur og gamlar hefðir en samsvarar sig einnig með frjálslyndum gildum. Hann getur verið stoltur af því að tilheyra þjóð sem er fram-sækin í mannúðarmálum en líka verið stoltur af íhaldssamri málstefnu og mállegri arfleifð. Það á almennt við um félagsfræðilega sjálfsmynd að hún getur verið blönduð en blöndunin sjálf getur einnig verið sjálfsmyndareiginleiki.²¹ Í þessu samhengi er áhugavert að sjá hvað gerist þegar árekstur verður milli ólíkra sjálfsmyndareiginleika og einstaklingurinn verður að forgangsraða þeim gildum sem skipta hann meira máli en önnur, til dæmis þegar hann þarf að velja milli viðhorfa sinna gagnvart mállegri arfleifð og mannúðarsjónarmiða. Í sumum tilvikum getur slíkur árekstur skapað grundvöll fyrir öðrun (e. *othering*) í formi málfarsfordóma og útilokunar. Þetta er ekki síst áhugavert að kanna í íslensku samhengi enda skora Íslendingar yfirleitt hátt þegar kemur að jafnrétti og mannúðarmálum.²²

Þekkt eru dæmi erlendis um að málfar fólks hafi haft áhrif á dómsmál. Rickford og King lýstu frægu bandarísku dómsmáli þar sem lykilvitnisburður Rachel Jeantel, sem talar afrísk-ameríska ensku (e. *African American Vernacular English*), var úrskurðaður óskiljanlegur og ónothæfur.²³ Kviðdómarar gerðu athugasemdir við

¹⁹ Stefanie Bade, *Accents and folk linguistics. A grounded-theoretical analysis of Icelanders' reactions to foreigners' use of Icelandic*, doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2023.

²⁰ Sjá einnig umfjöllun hjá Jyl Josephson og Þorgerði Einarsdóttur, „Language Purism and Gender: Icelandic Trans* Activists and the Icelandic Linguistic Gender Binary“, *TSQ* 3 (3-4)/2016, bls. 376–387.

²¹ Nicole Reannon Holliday, *Intonational Variation, Linguistic Style and the Black/Biracial Experience*, doktorsritgerð við New York háskóla, 2016; Nicole Reannon Holliday, „Multiracial Identity and Racial Complexity in Sociolinguistic Variation“, *Language and Linguistics Compass*, 13: 8/2019, e12345. Anton Karl Ingason fjallaði um blandaða sjálfsmyndareiginleika íslenskra málhafa á þennan hátt í tengslum við kynhlutleysi í máli í erindinu „Hvað er kynhlutlaust mál og í hverju felst ágreiningur um það í íslenskri menningu?“ á Hugvísindafingi 2022.

²² Dómsmálaráðuneytið, „Ísland áfram efst á sæti á lista yfir jafnrétti kynjanna“, Stjórnarráðið, 12. júní 2025, sótt 16. nóvember 2025 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/06/12/Island-afra-efst-a-saeti-a-lista-yfir-jafnretti-kynjanna/>; Samtökin '78, „Regnbogakortið“, *Samtökin* '78, maí 2025, sótt 16. nóvember 2025 af <https://samtokin78.is/starfsemin/regnbogakortid/>.

²³ John R. Rickford og Sharese King, „Language and Linguistics on Trial. Hearing Rachel

málfar vitnisins og var það einnig gagnrýnt á samfélagsmiðlum þar sem gefið var í skyn að málfarið væri merki um gáfnaskort og ótrúverðugleika Jeantel. Umfjöllunin og viðhorf kviðdómenda gagnvart vitninu er talin hafa haft úrslitavald í niðurstöðum dómsmálsins.²⁴ Höfundar vísa einnig til annarra dómsmála þar sem vanþekking og viðhorf til mállýsku eða hreims kom við sögu, meðal annars áströlsk dómsmál þar sem málf lutningur vitna á ástralskri frumbyggjaensku (e. *Aboriginal English*) var misskilinn og leiddi það jafnvel til þess að vitnisburður viðkomandi var túlkaður sem óviss eða ótrúverðugur.²⁵ Alvarleg umritunarvilla í sambærilegu dómsmáli í Bretlandi hefði getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir vitni sem talaði jamaískt kreólamálf ef dómsgögnin hefðu ekki verið yfirfarin af túlki.²⁶

Af þessari umfjöllun er ljóst að vanþekking á breytileika tungumálsins og viðhorf fólks til málfars geta haft skaðlegar afleiðingar fyrir þá málhafa sem hafa óæskileg tilbrigði í máli sínu og á samfélagið í heild sinni. Ekki eru þekkt jafnöfgafull dæmi í íslensku samfélagi og var lýst hér að ofan en þó er ástæða til að athuga það umhverfi sem málfarsumræða skapar. Eins og nefnt var í inngangi greinarinnar getur íslensk málfarsumræða stundum verið heiftarleg og jafnvel ofbeldisfull, þar sem hefð hefur skapast fyrir því að lítillækka aðra málhafa vegna málfars þeirra með aðfinnslum og fordómum.²⁷ Að málnotendur hafi áhuga á íslensku máli og vilji tala um það þarf alls ekki að vera neikvætt út af fyrir sig. Eins og Ari Páll Kristinsson segir þá er það „[ó]frávikjanlegur hluti af mállegum samskiptum að lagt er mat á mál og málnotkun fólks.“²⁸ Umræðan er þó ekki þekkt fyrir að vera jákvæð eða uppbyggileg.

Íslensk málfarsumræða er oft ansi neikvæð og einkennist af gildishlöðnu orðalagi. Eiríkur Rögnvaldsson lýsti íslenskri málfarsumræðu með eftirfarandi orðum:

Jeantel (and Other Vernacular Speakers) in the Courtroom and Beyond“, *Language* 92: 4/2016, bls. 948–988.

²⁴ Sama rit, bls. 950.

²⁵ Michael Cooke, „Aboriginal Evidence in the Cross Cultural Courtroom“, *Language in Evidence. Issues confronting Aboriginal and multicultural Australia*, ritstjóri Diana Eades, Sydney: University of New South Wales Press, 1995, bls. 55–96, hér bls. 91; Harold Koch, „Nonstandard English in an Aboriginal land claim“, *Cross-cultural encounters. Communication and miscommunication*, ritstjóri John Pride, Melbourne: River Seine, 1985, bls. 176–195, hér bls. 180.

²⁶ Celia Nadine Brown-Blake og Paul Chambers, „The Jamaican Creole speaker in the UK criminal justice system“, *The International Journal of Speech, Language and the Law*, 14/2007, bls. 269–294, DOI: 10.1558/ijll.v14i2.269.

²⁷ Eiríkur Rögnvaldsson, *Alls konar íslenska. Hundrað þettir um íslenskt mál á 21. öld*, Reykjavík: Mál og menning, 2022, bls. 291–292.

²⁸ Ari Páll Kristinsson, *Málheimar*, bls. 175.

Íslensk málfarsumræða hefur löngum verið þessu marki brennd – full fordæmingar á málfari fólks, með gildishlöðnum orðum eins og *mál-villa*, *mállýti*, *málskemmd*, *málsþjöll*, *málsþilling*, *málfirra*, *málgjöf* og fleiri í sama dúr. Fólk var sagt tala *almúgamál*, *götumál* eða jafnvel *skrilmál*, vera *málsóðar*, *þágufallssjúkt*, *hljóðvillt*, *flámælt*, *gormælt*, *latmælt*, og meintum hnökrum á málfari þess var líkt við lús í höfði, falskan söng og illgresi. Það hefur jafnvel komið fyrir að það sé notað gegn stjórnmalafólki í pólitískri umræðu að vera „hljóðvillt“ eða „þágufallssjúkt“. Iðulega voru hin fordæmdu atriði tengd við leti, seinfærni í námi, greindarskort – og Reykjavík.²⁹

Við þessa upptalningu mætti lengi bæta og ekkert lát virðist vera á aðfinnslum íslenskra málnotenda við meintar *ambögur*, *orðskrípi*, *málhelti* og *bögumæli* annarra, eins og fjallað verður um í þessari grein. Eins og Eiríkur nefnir hefur það komið fyrir að vegið sé að stjórnmalafólki í pólitískri umræðu vegna málfarseiginleika þess en það er ekki eina dæmið um þekktar persónur sem eru dæmdar opinberlega fyrir málfar sitt. Nærtækasta dæmið er ef til vill umræða sem fór af stað á samfélagsmiðlum í ágúst 2025 í kjölfar viðtals á Bylgjunni við mennta- og barnamálaráðherra, þar sem ráðherrann notaði orðalag sem ekki samræmist eldri málvenjum þegar hann sagði „mér hlakkar til“ og „ég vill“. Í umræðunni var málfar ráðherrans sagt bera vott um menntunarskort hans og vanhæfni til að gegna embætti sínu.³⁰ Þetta er ekki einsdæmi í íslenskri málfarsumræðu, eins og nú verður vikið að.

Kunn dæmi eru um að þekktir einstaklingar sem hafa óæskileg tilbrigði í máli sínu séu smánaðir í opinni umræðu fyrir málfar sitt og jafnvel að dregið sé í efa að viðkomandi sé hæfur til að sinna starfi sínu vegna þess. Þar á meðal má nefna útvarpsmanninn Andra Frey Viðarsson en þekkt er að um langa hríð var hann harðlega gagnrýndur í opinni umræðu fyrir málfar sitt, ekki síst fyrir að hafa merki um breytileika í frumlagsfalli í máli sínu – eitthvað sem í daglegu tali er gjarnan kallað þágufallssýki. Fjallað var um málið í þáttaröðinni *Orðbragð* sem sýndir voru á RÚV árið 2013 og kom þar fram að á bloggum og í beinum tölvupósti hefði útvarpsmaðurinn meðal annars verið kallaður *málsóði* og málfar hans *óbodlegt*, *lágkúra*, *rugl* og *sfiflagangur*. Einnig höfðu útvarpsmanninum verið send eftirfarandi smáskilaboð í sitt einkanúmer:

²⁹ Eiríkur Rögnvaldsson, *Alls konar íslenska. Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*, bls. 292.

³⁰ Eiríkur Rögnvaldsson, „Dapurleg og lúaleg málfarsumræða“, *Eiríkur Rögnvaldsson - uppgjafaprófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands*, 21. ágúst 2025, sótt 16. nóvember 2025 af <https://uni.hi.is/eirikur/2025/08/21/dapurleg-og-lualeg-malfarsumraeda/>.

- (1) Þú átt að segja spáðu í **það** en ekki spáðu í **því**. Reyndu að troða því inn í heimska hausinn á þér.³¹

Af umfjölluninni var ljóst að mörgum málhöfum þótti Andri Freyr vanhæfur til að sinna starfi sínu sem útvarpsmaður þar sem þeim þótti málfar hans ekki sæma Ríkisútvarpinu og að þau tilbrigði sem hann hefði í máli sínu ættu ekki að heyrast í útvarpi almennt. Það virðist vera algengt stef í orðræðu málvöndunar-sinna að hin ýmsu tilbrigði tungumálsins séu tengd við mannkosti og að óæskileg tilbrigði eins og til dæmis breytileiki í framlagsfalli séu vensluð við gáfafar málhafa, menntun og hæfi hans til að sinna starfi sínu, eins og sést á eftirfarandi dæmum.³²

- (2) Ekkert ferðaveður, **snjóstormur**, lokanir og kuldi. (RUV í dag). Það er nú búið að minnsat á þetta áður. Þetta er bara í fyrirsögninni en ekki í greininni sem e rhöfð eftir veðurfræðingi. Snjóstormur! Fuss!³³

Í dæmi (2) gerir málhafi athugasemd við notkun orðsins *snjóstormur* í fyrirsögn á fréttavef RÚV. Algengt er að fólk amist við þessu orði í málfarsumræðum á samfélagsmiðlum þar sem þeir telja orðið vera enskulegt.³⁴ Málnotandinn tekur fram að í greininni sjálfri komi orðið ekki fyrir og gefur til kynna að það sé vegna þess að hún sé rituð upp eftir veðurfræðingi. Þetta má túlka sem svo að viðkomandi telji veðurfræðinginn hæfari í starfi sínu en fréttamanneskjan sem ritaði fyrir-sögnina vegna orðanotkunar þeirra. Fréttafólk er einnig til umræðu í dæmi (3).

- (3) Er að velta fyrir mér kunnáttu fréttafólks á íslensku máli. Les nú í þessu “...Það loðaði við Jón...” og mig minnir að um daginn hafi ég lesið í tvígang, þ.e. í tveimur fréttum að “...e-ð hafi ollað...” í stað að e-ð hafi valdið.... Er málið að breytast og á maður bara að reyna að vera slakur yfir þessu, eða hvað?³⁵

³¹ RÚV, Orðbragð I, 3. þáttur, *ruv.is*, 2013, sótt 20. júní 2025 af <https://www.ruv.is/sjon-varp/spila/ordbragd-i/16652/4upp63>.

³² Öll raundæmin í greininni eru skráð í upprunalegri mynd. Stafsetningar- og innsláttar-villur voru hvergi lagfærðar.

³³ Færsla í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn*, 11. mars, 2021, sótt 8. ágúst, 2021.

³⁴ Eiríkur Rögnvaldsson, „Veðurfarsorð“, *Eiríkur Rögnvaldsson - uppgjafaprófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands*, 6. ágúst 2020, sótt 1. júlí 2025 af <https://uni.hi.is/eirik-ur/2021/03/23/vedurfarsord/>.

³⁵ Færsla í Facebook-hópnum *Íslenskt mál*, 8. mars 2022, sótt 21. ágúst, 2021.

Hér nefnir málnotandinn beygingarmyndir sagna sem ekki samræmast ritmálsstaðli og dregur íslenskukunnáttu fréttafólks almennt í efa. Í dæmi (4) skrifar málhafi (A) athugasemd við færslu í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn* þar sem málhafi (A), sem segist vera íslenskukennari, segist vilja yfirgefa hópinn vegna dónaskapar annarra aðila hans og málhafi (B) svarar.

- (4) A: Ég er kennari með íslensku sem sérgrein og elska að spekúlera í tungumálinu en tuðið hér og dónaskapur sumra hafa valdið því að ég hef misst áhuga á að vera í þessum FB hópi og segi því hér með bless
- B: Vertu marg blessuð ef þú kýst að vera í þykjustuleik og þolir ekki staðreyndir og svo er orðið “spekúlera” dónskusletta og ætti ekki að notast af kennara sem segist hafa íslensku að sérgrein.³⁶

Málhafi (B) gerir lítið úr fyrri athugasemdinni og segir að það sem málhafi (A) kalli tuð og dónaskap séu einfaldlega staðreyndir. Málhafi (B) heldur svo áfram að lítillækka málhafa (A) vegna málfars og dregur hæfi viðkomandi til að sinna starfi sínu í efa.

Dæmin hér að ofan endurspeгла hversu heiftarleg íslensk málfarsumræða getur verið þar sem málvöndunarsinni sem telur sig tala rétt notar stöðu sína til að sýna yfirburði og vald gagnvart öðrum málhöfum.³⁷ Í þessari umræðu hefur skapast vettvangur þar sem mörgum þykir eðlilegt að lítillækka málhafa sem hafa óæskileg tilbrigði í máli sínu og jafnvel ráðast á persónu þeirra. Þessi vettvangur getur einnig verið grundvöllur annars konar orðræðu sem einkennist af ofbeldi og fyrirlitningu gagnvart ákveðnum samfélagshópum, eins og nú verður vikið að.

3. Mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu

Eins og fjallað var um í kafla 2 getur íslensk málfarsumræða verið heiftarleg og fordómafull, jafnvel ofbeldisfull. Vegna þessarar hefðar getur málfarsumræða skapað vettvang fyrir fordóma og jafnvel hatursorðræðu þar sem varðveisla tungumálsins og málvöndun er notuð sem grundvöllur öðrunar og útilokunar. Í þessum kafla verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar á eittraðri og haturs-

³⁶ Athugasemdir við færslu í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn*, 6. ágúst 2020, sótt 21. ágúst 2021.

³⁷ Menningarlegt auðmagn er sú menningarlega þekking, hæfni og venjur sem gefa fólki forskot í samfélaginu. Nánari skilgreiningu á því sem grundvöll valds má meðal annars finna hjá Pierre Bourdieu, „The Forms of Capital“, *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education*, ritstjóri John Richardson, Greenwood Press, 1986, bls. 241–258.

fullri málfarssumræðu íslenskra málhafa á samfélagsmiðlum á árunum 2014–2022. Efniviður rannsóknarinnar er athugasemdir málhafa sem safnað var úr umræðuþráðum á samfélagsmiðlum, aðallega síðum fréttamiðla á Facebook og pólitískum umræðuhópum á sama miðli. Í rannsókninni voru skoðaðar athugasemdir málhafa og greindar þrjár ólíkar birtingarmyndir þess að hatursfull eða eitruð ummæli séu látin falla í skjóli málvöndunar eða varðveislu íslenskrar tungu: málfarssmánun, málfarsleg aftenging og málfarsleg útilokun, og verða þeim gerð skil í næstu köflum.³⁸

3.2. Málfarssmánun

Hugtakinu **málfarssmánun** hefur þegar verið lýst að miklu leyti hér að ofan, að minnsta kosti í víðu samhengi, enda getur hver sem er verið smánaður fyrir málfar sitt eins og dæmi (1 – 4) sýna. Málfarssmánun felur í sér niðurlægingu eða svívirðingu þess sem hún beinist gegn með skírskotun til málfars viðkomandi. Með málfarssmánun sýnir málhafi yfirburði og vald gagnvart öðrum málhafa eða málhöfum, á heiftarlegan og jafnvel ofbeldisfullan hátt. Hér verður sjónum beint að málfarssmánun í þrengra samhengi; sem er byggð á grundvelli fordóma gagnvart jaðarsettum samfélagshópum.

Bekkt dæmi eru um að fólk sem ekki hefur íslensku sem móðurmál en tjáir sig á íslensku á opinberum vettvangi þurfi að sæta svívirðingum og persónuárásum þar sem hæfni þeirra til að sinna ákveðnum störfum, ekki síst opinberum störfum, er dregin í efa vegna málfars. Náttúruvársérfræðingurinn Martin Hensch uppskar mikla hneykslan og svívirðingar árið 2015 fyrir að lesa veðurfréttir á RÚV. Gagnrýnt var að Hensch læsi veðurfréttirnar þar sem hann talar með hreim en sumir málhafar gerðu þá kröfu að veðurfréttir eigi að lesa á „lýtalausrí íslensku“.³⁹ Sumir gengu svo langt að halda því fram að lestur Hensch væri beinlínis hættulegur, eins og sést á orðum Jóns Vals Jenssonar sem hann skrifaði á bloggi sínu.⁴⁰

- (5) Veðurspá heyri ég nú lesna af útlendingi með bjöguðum hreim! Trúði ég vart, er mér var sagt að sá væri kominn í starfið. Öryggi sjómanna er vanvirt með þessu, auðvelt að heyra illa eða ekki hvað sagt er,

³⁸ Hugtökin *málfarssmánun*, *málfarsleg aftenging* og *málfarsleg útilokun* samdi höfundur sjálfur til að lýsa orðræðunni sem hér er greind og voru þau fyrst kynnt í erindinu „Gömul og gild orð: Um mörk málfarssumræðu og hatursorðræðu“ á Hugvísindapingi 2022.

³⁹ Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, „Þeir skilja sem vilja“, *ruv.is*, 15. desember 2015, sótt 30. júní 2025 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/their-skilja-sem-vilja>.

⁴⁰ Stefán Árni Pálsson, „Hneykslan Jóns Vals á Martin Hensch tilefni útvarpsmessu Frosta“, *visir.is*, 19. desember 2015, sótt 30. júní af <https://www.visir.is/g/2015151208518>.

Eins og sést á dæmi (5) telur Jón Valur það ógna öryggi sjómanna að veðurfréttir séu lesnar með hreim. Í færslu sinni segir hann enn fremur að hér hafi „fjölmenningarhyggja meðvirkra tekið völdin“ og líkir atvikinu við það að í sænska ríkissjónvarpinu hafi jóladagskráin verið kynnt af múslima, án þess þó að skýra nánar hvaða hætta stafi af því.⁴¹

Fyrrverandi þingkonan og baráttukona í málefnum innflytjenda, Nichole Leigh Mosty, hefur oft sætt persónuárásur og svívirðingum fyrir málfar sitt. Orðræðan gegn henni var sérstaklega áberandi á árunum 2016–2017 þegar hún sat á Alþingi. Málfar þingkonunnar var skotspónn í fjölmiðlum og athugasemda-kerfum fréttamiðla og auk þess voru henni send með tölvupósti einkaskilaboð sem oft voru heiftarleg, sbr. dæmi (6 – 7).⁴²

(6) við viljum ekki að þú óhreinkir forsætisstólinn á þjóðþingi okkar!

(7) NÚ ÞARF AÐ TALSETJJA ALÞINGI! ÉG SKILDI EKKI ORÐ SEM ÞÚ SAGÐIR FRÚ MOSTY!

Mikla athygli vakti þegar Nichole Leigh brast í grát við flutning ræðu sinnar á Alþingi en þingkonan sagði síðar frá því að tilfinningalegt uppnám hennar hafi ekki verið vegna innihalds ræðunnar heldur af ótta við viðbrögð íslenskra málhafa við málfari hennar.⁴³

Eins og dæmi (8–9) sýna hafði þingkonan fulla ástæðu til þess.

(8) þeir sem sitja á Alþingi verða að tala íslensku og alþingi á ekki að snúast um innflytjendur og þeirra vandamál⁴⁴

(9) Þessi blessaða þingkona er nú alveg á því tæpasta að geta sagt að hún tali íslensku. Íslendinga á Þing Íslendinga.⁴⁵

Persónuárásir og svívirðingar gegn þingkonunni gengu svo langt að hún neyddist til að loka Facebook-síðu sinni.⁴⁶

⁴¹ Sama grein.

⁴² Nichole Leigh Mosty, „Óþarfi að vera svona „pirruð“ – Íslenskan kemur með þolinmæði og velvild“, *kjarninn.is*, 29. maí 2019, sótt 30. júní 2025 af <https://kjarninn.is/skodun/2019-05-29-thad-er-otharfi-ad-vera-svona-pirruð-islenskan-kemur-med-tholinmaedi-og-velvild/>.

⁴³ Sama grein.

⁴⁴ Athugasemd við frétt á Facebook-síðunni *Mbl.is*, 29. maí 2017, sótt 17. nóvember 2025.

⁴⁵ Athugasemd við frétt á Facebook-síðunni *DK.is*, 23. mars 2017, sótt 17. nóvember 2025.

⁴⁶ Jakob Bjarnar, „Þingkona hrökklast af Facebook“, *visir.is*, 22. mars 2017, sótt 30. júní

Hatursfull umræða um Nichole Leigh varð áberandi á ný árið 2021 þegar hún hafði nýlega tekið við stöðu forstöðumanns Fjölmenningsseturs á Íslandi og sagði frá því að einhver hefði nafnlaust skilið eftir byrjendanámsefni í íslensku sem öðru máli á skrifborði hennar. Fyrirverandi þingkonan átti erfitt með að túlka sendinguna öðruvísi en sem skilaboð um að hún ætti að bæta málfar sitt.⁴⁷ Dæmi (10–11) voru birt við frétt sem fjallaði um ráðningu Nichole Leigh.

(10) Allir eiga að læra íslensku áður en það sækir um vinnu. Annað er bara staðreynd að ÍSLENSKA ÞJÓÐIN var aldrei spurð.⁴⁸

(11) A: Ekki spurning og læra málid

B: [] þetta er rasismi

C: [] er rasismi að læra það tungumál í landi sem er/verður heima landið þitt !!! Mér finnst þú vera rasismi.⁴⁹

Ummælin í dæmum (6–11) hafa tvö meginstef: að innflytjandi sem vill sinna stjórnunarstöðu, hvort sem það er staða forstöðumanns Fjölmenningsseturs eða alþingismanns, verði fyrst að læra íslensku. Hins vegar er ljóst, þar sem Nichole Leigh gat vissulega talað íslensku þegar hún tók við þessum störfum, að hin raunverulega krafa er að einstaklingur í stjórnunarstöðu megi ekki tala íslensku með hreim. Hitt meginstefið sem sést á mörgum ummælanna er að innflytjendur ættu alls ekki að gegna slíkum störfum yfirhöfuð. Hin raunverulegu skilaboð eru útlendingaandúð sem sett er fram í skjóli málvöndunar; íslensk tunga verður grundvöllur öðrunar og útilokunar.

En það eru ekki aðeins innflytjendur sem sumum finnst ekki eiga erindi í fremstu stöður þjóðfélagsins. Árið 2020 var Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, harðlega gagnrýnd á samfélagsmiðlum, ekki síst í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn*, fyrir framburð sinn á orðinu *skólarnir*. Í viðtali heyrðist þáverandi ráðherra bera orðið fram /skólanir/ [ˈskoulanir] án [r] og [t]-innskotsins sem einkenna algengasta framburð rn-klasa í nútímaíslensku /skólardnir/ [ˈskoulartnir]. Eiríkur Rögnvaldsson, og fleiri málfræðingar sem stígu inn í umræðuna, benti á að þótt lítið hafi verið skrifað um framburð-

2025 af <https://www.visir.is/g/2017170329603/thingkona-hrokklast-af-facebook>.

⁴⁷ Magnús H. Jónasson, „Námsefni í íslensku sett á skrifborð Nichole“, *fréttablaðið.is*, 8. maí 2021, sótt 30. júní 2025 af <https://web.archive.org/web/20210615024109/https://www.frettabladid.is/frettir/namsefni-i-islensku-sett-a-skrifbord-nichole/>.

⁴⁸ Athugasemd við frétt á Facebook-síðunni *RÚV – Fréttir*, 1. mars 2021, sótt 1. júlí 2025.

⁴⁹ Athugasemdir við frétt á Facebook-síðunni *RÚV – Fréttir*, 1. mars 2021, sótt 1. júlí 2025.

inn sé hann þekktur og tengist helst Suðurlandi, einkum Árnessýslu.⁵⁰ Í sömu grein vekur Eiríkur athygli á yfirgengilegu orðfæri sem einkenndi umræðuna þar sem gáfnafar, reynsla og starfshæfni þáverandi ráðherra var dregin í efa. Dæmi (12–15) sýna hefðbundin einkenni málfarssmánnunar en eins og áður má greina önnur undirliggjandi skilaboð.

(12) nú jæja hún er kannski of ung til að valda embættinu fyrst hún stressast svona og gengur í barndóm þegar hún talar.

(13) Tók eftir því sama, finnst mjög sorglegt að menntamálaráðherra skuli ekki tala betri íslensku :(

(14) Bölvaðar pungkerlingar getið þið verið. Staðreyndin sem hér blasir við er að menntamálaráðherra þjóðarinnar er ótalandi á eigin tungu og þar með í takti við restina af Austurvallargenginu og veldur engri furðu því að þar á bæ er allt í sama stíl.

(15) Snilld að hafa menntamálaráðherra sem er ekki talandi á eigin tungu og kann ekki að bera réttilega orðið skóli í fleirtölu með greini. Það er ekki að undra að móðurtungan skuli vera á hröðu undanhaldi á meðan svona mannvitsbrekkur eru við stjórnvölinn í menntamálum þjóðarinnar.

Íslensk tunga mun heyra fortíðinni til eftir svona 20 til 30 ár ef fram heldur sem horfir.

Allt á sömu örvita bókina lært.

“Skólanir, bílanir, hestanir, strákanir og stelpunar”.

Þetta er ömurleg öfugþróun.⁵¹

Meginstefið í dæmum (12–15) er að Lilja kunni ekki að tala íslensku og sé því ekki hæf til að fara með embætti menntamálaráðherra. Sumir málhafanna ganga lengra, eins og málhafinn í dæmi (12) sem segir Lilju, sem þá var 47 ára gömul, of unga til að valda embætti sínu og líkir henni við barn. Málhafinn í (15) gerir lítið úr gáfnafori Lilju og kennir henni um hnignun og yfirvofandi útdauða

⁵⁰ Eiríkur Rögnvaldsson, „Óbodleg umræða“, *Eiríkur Rögnvaldsson - uppgjafaprófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands*, 6. ágúst 2020, sótt 1. júlí 2025 af <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/06/obodleg-umraeda/>.

⁵¹ Athugasemdir við færslu í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn*, 6. ágúst 2020, sótt 12. ágúst 2020.

íslenskrar tungu. Allar þessar svívirðingar eru birtar í skjóli málvöndunar þar sem (eðlilegur) framburður þáverandi ráðherra er talinn óæskilegur og gerður að grundvelli málfarssmánunar. Undirliggjandi tónn þeirra ber þó merki um kvenfyrirlitningu og skilaboðin eru þau að Lilja valdi ekki ráðherraembættinu.

Eins og fjallað hefur verið um í þessum kafla birtist málfarssmánun yfirleitt sem bein eða óbein árás gegn einstaklingi sem er niðurlægður á grundvelli málfars. Ummæli af þessi tagi, eins og dæmin í (5–15) sýna, benda til þess að málfarssmánun sé meðvitaður verknaður þar sem málhafi telur sig hafa yfirburði yfir öðrum málhafa og beitir valdi sínu til að lítillækka viðkomandi. Eitruð ummæli af þessu tagi eru þó ekki alltaf meðvituð viðleitni til lítillækkunar og beinast ekki alltaf beint gegn málfari einstaklinga, heldur frekar að upplifun þeirra af því hvernig um þá er talað, eins og nú verður vikið að.

3.3. Málfarsleg aftenging

Hugtakið málfarsleg aftenging lýsir þeim verknaði þegar málhafi gerir lítið úr og réttlætir niðrandi orðanotkun gagnvart jaðarsettum hópum. Ólíkt málfarssmánun sem lýst var hér að ofan lýtur málfarsleg aftenging ekki að málfari einstaklings, heldur upplifun hans af málnotkun sem beinist gegn honum. Þessi verknaður á sérstaklega við þegar rætt er um orð eða orðasambönd sem alla jafna ríkir samfélagsleg sátt um að séu niðrandi, til dæmis orðin *negri* og *kynvillingur*. Einstaklingur sem beitir málfarslegri aftengingu rífur orðið út úr umhverfinu sem það er notað í og vísar til uppruna orðsins og orðsifjafræði til að réttlæta notkun þess, eins og málhafi (B) gerir í dæmi (16).

(16) A: Nú þegar gleðigangan er fallin niður þá ætlar RUV að vera með sína eigin trans og gleðigöngu á hverju kvöldi í viku.

B: viðrinis dagar á rúv.

C: ertu stoltur af þessum ummælum þínum?

B: gamalt islenzkt orð

B: svo er annað hvorugt kyn

B: líka gamalt⁵²

Í dæmi (16) birtir málhafi (A) færslu um sérstaka hinsegin dagskrá á RÚV. Málhafi (B) svarar færslunni með orðanotkun um hinsegin fólk sem almennt er talin niðrandi. Þegar málhafi (B) er spurður hvort hann sé stoltur af orðanotkun sinni

⁵² Færsla og athugasemdir við hana í Facebook-hópnum *Gagnrýnum RÚV*, 6. ágúst 2020, sótt 1. júlí 2025.

réttlætir hann hana með því að segja að orðið *viðrini* sé „gamalt“ og „íslenskt“ og gefur til kynna að aldur og uppruni orðsins hafi meira vægi en samhengið sem það er notað í og möguleg skaðsemi þess. Málhafi (B) tekur einnig fram að orðið sé hvorugkynsorð og vísar þá líklega í umræðu um kynhlutlaust mál sem var mjög áberandi á þessum tíma.⁵³

Rökin sem málhafi (B) notar í málflutningi sínum eru einkennandi fyrir mál-farslega aftengingu. Niðrandi orðanotkun er réttlætt á þeim forsendum að orðin séu „gömul og gild“, óháð samhengi og þeim tilgangi sem þau eru notuð í, sem í mörgum tilvikum er að særa og niðurlægja fólk sem tilheyrir jaðarsettum sam-félagshópum. Viðkomandi beitir jaðarsetta einstaklinginn gaslýsingu (e. *gaslig-hing*) og vísar í reglur forskriftarmálfræði til að aftengja orðið og sjálfan sig frá skaðsemi þess.⁵⁴ Þetta sést á dæmi (16) þar sem málhafi (B) vísar til þeirrar hefðar í íslenskri forskriftarmálfræði að eldri málvenja sé yfirleitt talin betri en þær yngri og að íslensk orð séu yfirleitt betri en lánsorð úr öðrum tungumálum.⁵⁵ Í dæmi (17) notar málnotandinn orðsifjar indóevrópskra tungumála til að réttlæta niðr-andi orðalag um fólk sem er ekki hvítt.

Í dæmi (17) sjáum við athugasemdir við frétt á Facebook-síðu *Fréttablaðsins*. Fréttin ber fyrisögnina „Flokkuð sem „negriti“ hjá Mæðravernd“ og fjallar um svarta íslenska konu sem gagnrýndi orðanotkun um sig í sjúkraskráningu Mæðraverndar þar sem hún var kölluð *negriti*. Margir tóku undir með konunni og kölluðu eftir breyttri orðanotkun í heilbrigðiskerfinu. Málhafi (A) rökræðir við málhafa (B) og skrifar röð athugasemda þar sem hann leggur sig fram við að réttlæta orðið með tilvísun til orðsifjafræði.⁵⁶

- (17) A: orðalagið er latína sem er málið sem er notað í læknisfræði. Útum allan heim nota bene. Fullkomlega eðlilegt að nota latneska heitið á afríska kynþættinum eins og latneska heitið er notað á öllu öðru.

⁵³ Sjá til dæmis Baldur Hafstað, „Afkyngjun íslenskunnar“, *Morgunblaðið*, 24. apríl 2021 og Eiríkur Rögnvaldsson, „Afkyngjun íslenskunnar?“, *Eiríkur Rögnvaldsson - uppgjafaprófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands*, 12. maí 2021, sótt 28. ágúst 2025 af <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/12/afkyngjun-islenskunnar/>.

⁵⁴ Gaslýsing er tegund af andlegu ofbeldi þar sem sá sem því beitir heldur ítrekað fram ósannindum með það markmið að förnarlambið dragi veruleika sinn og upplifun af að-stæðum í efa. Til nánari skýringar sjá Eirík Rögnvaldsson, „Gaslýsing“, *Eiríkur Rögnvaldsson - uppgjafaprófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands*, 7. júlí 2022, sótt 16. nóvember 2025 af <https://uni.hi.is/eirikur/2022/07/07/gaslysing/>.

⁵⁵ Ari Páll Kristinsson, *Málheimar*, bls. 129–147.

⁵⁶ Samtalið í umræðuþræðinum er talsvert lengra en hér er sýnt og er þar komið inn á fleiri atriði en málfar. Valdar voru athugasemdir sem afmarkast við umræðuefnið sem fjallað er um hér.

B: Nei. Það er einfaldlega of líkt orðinu negri. Það er bara ekki forsvaranlegt. Ég skil orðsifjarnar, en tengingin er of mikil til að þetta sé ásættanlegt.

A: samanber þú notar orðið ulna (latneska) en ekki öln (íslenska) í sjúkraskrá

A: þú ert að leggja til að breyta um tungumál sem notað er í læknisfræði útum allan heim út af því að þér finnst líkt orði í öðru tungumáli sem þér finnst niðrandi

A: þú áttar þig á því að orðið svartur er negro á spænsku Portúgölsku og fleiri málum. Samanber negro/blanco svartur/hvítur. Held að vandamálið liggi annarsstaðar en í spænsku Portúgölsku eða latínu.

B: Já. Ég átta mig á því hvaðan orðið kemur. Þú þarft ekkert að útskýra það fyrir mér.

Og já. Mér finnst fullkomlega ásættanlegt að breyta orðum ef þau þykja óheppileg.

A: Það er málið. Þetta orð er ekki óheppilegt. Það er túlkun fólks sem talar ekki málið sem er vandamálið.

B: Það þarf nú ekki að fara lengra en á Wikipedia til að komast að því að notkun orðsins negroid, sem samsvarar orðinu “negriti”, þykir ónothæft til notkunar í vísindum nútímans.

<https://en.m.wikipedia.org/wiki/Negroid>

A: negriti og negroid er ekki það sama

A: <https://www.urbandictionary.com/Negrita>⁵⁷

Málhafi (A) byrjar á að halda því fram að orðið negriti sé latneskt orð um hinn „afríska kynþátt“ og að notkun þess sé eðlileg í sjúkraskrá enda séu latnesk heiti algeng innan læknisfræðinnar. Málhafi (B) viðurkennir orðsifjafræðilegan uppruna orðsins en hafnar því að hann réttlæti notkun orðsins í þessu samhengi. Málhafi (A) heldur áfram að vísa í skyldleika orðsins við orð í öðrum indóevrópskum tungumálum og heldur því fram að orðið *negriti* sé ekki særandi, heldur liggi vandinn hjá málhöfum sem ekki þekkja til uppruna orðsins. Málhafi (B) bendir á skyldleika orðsins við enska orðið *negroid* og að varla teljist það ásættanlegt orð í nútímalæknavísindum. Málhafi (A) hafnar þessum skyldleika og vísar til ensku slangurorðabókarinnar *Urban dictionary* þar sem orðinu *negrita* er lýst

⁵⁷ Athugasemdir við frétt á Facebook-síðunni *Fréttablaðið*, 3. júlí 2019, sótt 1. júlí 2025.

sem gælunafni fyrir ungar svartar konur í ákveðnum spænsk-bandarískum mál- lýskum. Mögulega vildi málhafi (A) færa rök fyrir því að orðið hefði í raun já- kvæðan blæ og að það ætti líka við um íslenska orðið *negríti*.

Málflutningur málhafa (A) ber dæmigerð einkenni gaslýsingar. Viðkomandi leggur sig fram við að sannfæra andmælanda sinn um að upplifun hans og skilningur á aðstæðum sé rangur. Málhafi (A) telur sjálfan sig vita betur en and- mælandinn og sakar hann um að gera ósanngjarnar kröfur vegna vanþekkingar sinnar enda þótt málhafi (B) samþykki orðsifjafræðilegu rökin og segist vita af þeim. Málhafi (A) velur aðeins þau rök sem henta hans málstað en hunsar önnur (kallað á ensku *cherry-picking*). Máli sínu til stuðnings leggur hann ofuráherslu á skyldleika orðsins *negríti* við orð í indóevrópskum málum eins og latínu, spænsku og portúgölsku en hafnar skyldleika orðsins við sambærileg orð í indóevrópska tungumálinu ensku. Þá hafnar hann einnig þeim rökum að samhengi og um- hverfi hafi áhrif á merkingu orðsins en það einkennir einmitt málfarslega af- tengingu.

Síðasta dæmið í þessum kafla er tekið af opnum umræðuþræði á Facebook þar sem höfundur fer með fordómafullan og hatursfullan málflutning gegn hin- segin fólki. Málhafi (A) sem skilgreinir sig sem hinsegin gagnrýnir innihald færsl- unnar harðlega, segir höfundi að skammast sín, og fær svar frá málhafa (B) sem við sjáum í dæmi (18).

- (18) Það vantar ekki helvítis sóðakjafinn á þig kynvillingurinn þinn, og það ert þú sem átt að skammast þín djöfullinn þinn. Við viljum ekkert af þessu pakki á skerið, svo komdu þér til andskotans þar sem þú átt greinilega heima.⁵⁸

Málhafi (A) svarar, gerir athugasemd við að vera kallaður *kynvillingur* og segir orðfærið niðurlægjandi. Málhafi (C) svarar með athugasemddinni sem sést í dæmi (19).

- (19) Hvað er AÐ ÞÉR DRENGUR ? Kannt þú ekki íslensku. Ástand þitt kallast “kynvilla” á okkar tungumáli og hefur ekkert með niðurlægingu að gera. Aðeins fólk, sem EKKI KANN MÁLIÐ, lætur sér detta slíka firru í hug. Áttavilltur er einnig sagt. Orðið lýsir ástandi einhvers, en í því felst ENGINN DÓMUR um neitt. Hvað er að ykkur unga fólkinu ? Kunnið þið ekki að lesa og skilja algeng íslensk orð? Samkynhneigð

⁵⁸ Athugasemd við opinn umræðuþráð á Facebook, 20. júní 2021, sótt 20. júní 2021.

er ORÐSKRÍPI, sem búið var til fyrir ykkur, til að dylja stöðu mála að einhverju leiti, af því að YKKUR fannst of erfitt að horfast í augu við kynvilluna. Hommanafnið er dregið af erlendu orði “homo” sem þýðir maður á latínu og “sexual” sem þýðir kynhvöt. Karlkynhvöt er óþjált en best væri að nota elsta orðið, sem er ERGI. Við höfum orðið “ergilegur” sem því miður breytti um merkingu og þýðir núna að vera skapvondur. E.t.v. voru hinir ÖRGU skapvondir, þá eins og nú, því ergi var ekki vel séð meðal fornanna, frekar en nú til dags, sbr setninguna “þú argur þræll” sem var sagt í niðrandi tilgangi. Sumir hafa verið að nota orðið “hinseigin” sem er kjánalegt. Við skulum kalla skóflu, skóflu, eða enn betra, REKU.⁵⁹

Svar málhafa (C) ber öll helstu einkenni málarslegrar aftengingar. Viðkomandi beitir andmælanda sinn gaslýsingu með því að hafna upplifun hans og segja að hún sé röng, að orðið *kynvillingur* sé ekki niðurlægjandi eða gildishlaðið yfirhöfuð. Vandinn sé í raun röng túlkun andmælandans á orðinu sem er til komin vegna þess að viðkomandi kann ekki íslensku. Málhafi (C) hefur sig yfir andmælanda sinn, telur sig upplýstari en hann og notar meinta yfirburði sína gegn honum. Viðkomandi heldur svo áfram að útskýra merkingu orða um hinseginleika; kallar orðið *samkynhneigð* „orðskrípi“ og *hinsegin* „kjánalegt“, sem er dæmigert fyrir eitraða málarsumræðu, eins og rætt var í 2. kafla. Loks leggur málhafi (C) til að orðin *ergi* og *argur* verði tekin upp á ný í þessu samhengi á þeim forsendum að þetta séu „elstu orðin“ og vísar þar með til reglna forskriftarmálfræði til að réttlæta hatursfull ummæli sín.

Ólíkt málarsmámun er markmiðið með málarslegri aftengingu ekki alltaf augljóslega að svívirða einstaklinginn sem hún beinist gegn. Í dæmi (17) leggur málnotandinn sig fram við að sýna yfirburðaþekkingu sína og gaslýsa andmælanda sinn til að réttlæta niðrandi orðnotkun en ekki er ljóst af málflutningi hans hvort honum sé raunverulega í nöp við fólk sem ekki er hvítt á hörund. Í dæmum (16) og (19) er afstaða einstaklinganna gagnvart jaðarsetta hópnum hins vegar alveg ljós og í þessum tilvikum má segja að mörk málarsumræðu og hatursorðræðu skarist á mjög sýnilegan hátt; hatursfullri og niðrandi orðræðu er beint til jaðarsettu einstaklinganna í skjóli málvöndunar og varðveislu íslenskrar tungu. Í öllum dæmunum í kafla 3.3. sést að málnotandinn telur sjálfan sig vita betur og finnst upplifun þeirra jaðarsettu ekki koma sér við enda er hún röng að hans mati. Viðkomandi telur sjálfan sig betur upplýstan og rökréttari en jaðarsetta

⁵⁹ Athugasemd á sama umræðuþræði.

einstaklinginn og beitar yfirburðum sínum og valdi gegn honum, rétt eins og sá sem beitar málfarssmánun. Það er þó ekki alltaf svo að málhafinn upplifi sjálfan sig í yfirburðastöðu gagnvart jaðarsetta hópnum, eins og rétt verður í næsta kafla.

3.4. Málfarsleg útilokun

Undanfarin fimmtán ár eða svo hafa tilraunir ólíkra samfélagshópa til málstýringar og umræður um þær verið áberandi í íslensku samfélagi. Annars vegar er það femínísk málstýring sem á við um almenna viðleitni fólks til að auka kynhlutleysi eða draga úr karllægni í máli sínu og svo er það hinsegin málstýring sem hefur það markmið að laga málið að veruleika kynsegin fólks, meðal annars með kynhlutlausu málfari, nýjum persónufornöfnum og hýrýrðum.⁶⁰ Sumir málnotendur hafa brugðist illa við þessum tilraunum til málstýringar og upplifa þær sem árás á málkerfi þeirra og á þjóðtunguna sjálfa; innleiðing kynhlutlauss máls og hýrýrða er tengd við óæskilegar málbreytingar og jafnvel hnignun tungumálsins. Í sumum tilfellum koma fram fordómafull og hatrömm viðbrögð málnotenda gagnvart málbreytingum og málstýringu sem ekki samræmist málstaðlinum. Heiftarleg viðbrögð af þessu tagi eru dæmi um málfarslega útilokun, þar sem málhafi telur formgerð málsins mikilvægari en réttindabaráttu jaðarsetta hópsins og notar hana sem grundvöll til að útiloka hann.

Rétt eins og málfarssmánun og málfarsleg aftenging felur málfarsleg útilokun í sér valdbeitingu þar sem málhafi telur sig rökréttari og upplýstari og beitar yfirburðum sínum gegn öðrum. Það sem er ólíkt er að í þessu tilviki upplifir málhafinn sig yfirleitt ekki sem fjandsamlegan, heldur finnst honum ráðist á persónu sína; málhafinn telur hegðun sína eðlilega og réttlætana og finnst hann vera ranglega sakaður um að framkoma hans og málnotkun sé hlaðin fordómum. Orðræðan sjálf leiðir oft annað í ljós, eins og sést á dæmi (20) sem sýnir svör við færslu í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn* þar sem notandi spurði um sambeygingu persónufornafnsins *hán* en umræða um persónufornafnið og önnur nýrði um kynsegin fólk fór hátt á samfélagsmiðlum á þessum tíma.

(20) A: Nú er það orðin hatursorðræða að vera ekki sammála því að klæmast á málfræðinni, ja hérna hér.

B: Það er sjálfsagt mál í málvöndunarþætti að benda á villur og séu ábendingar settar fram af kurteisi og virðingu, sé ég ekkert hatur í því.

⁶⁰ Þorbjörg Þorvaldsdóttir, „Kynhlutleysi í máli. Hvað er það?“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2022, bls. 78–86.

Svo eru það hinir sem nota ljót orð og húðskamma fólk fyrir að vera ekki fullkomið, þeir eiga ekkert erindi í umvöndunina.

C: Ja ég hef nú ekki verið með það sem kallast gæti mikið hatur í þessum fáeinu athugasemdum mínum, en sú persóna sem kallar aðra persónu illfygli vegna þess að ekki er gleypst hrátt og ótuggið þegar fólk ætlar að snúa málfræðinni á haus og búa til einhver ný og gjörsamlega óskyljanleg orð, allt í nafni einhvers sem það kallar jafnrétti, þá blöskrar mér svo sannarlega, málfræði okkar á Íslandi er nákvæm og góð, það þarf ekki að skapa hana upp á nýtt.⁶¹

Í dæmi (20) kvartar málhafi (A) yfir því að vera sakaður um hatursorðræðu fyrir að vilja ekki „klæmast á málfræðinni“ og vísar þá til neikvæðrar afstöðu sinnar gegn hinsegin málstýringu. Málhafi (B) svarar að ekkert sé óeðlilegt eða hatrammt við að benda á „villur“ á samfélagsmiðlasíðu sem fjallar um málvöndun en telur þvert á móti að notendur sem finna að slíkri orðræðu eigi ekkert erindi í umræðuna. Málhafi (C) tekur undir og lýsir andúð sinni á að fólk vilji „snúa málfræðinni á haus“ með orðum sem viðkomandi þykja óskiljanleg í nafni „einhvers sem það kallar jafnrétti“ og klykkir út með því að segja að „málfræði á Íslandi“ sé nákvæm og góð og að engin ástæða sé til að breyta henni. Dæmi (21–23) sýna fleiri svör á sama umræðuþræði:

(21) Aldrei heyrst þetta orðskrípihvað þýðir það?

(22) Þetta er ekki íslenska. Mun aldrei nota slíkt orðaskrípi. Menningarrót-tækt rugl.

(23) Mér finnst þetta vera misþyrming á íslenskri tungu.

(24) Eitt svar við þessari spurningu væri að það sé háð að íslenzkunni að þvinga inn í hana jafnasnalegu orði og hér um ræðir.⁶²

Í dæmum (21–24) kveður við kunnuglegan hljóð sem þekktist í almennri málfarsumræðu þar sem persónufernafnið *hán* er kallað orðskrípi og sagt ekki vera íslenska eða misþyrming á íslenskri tungu. Í dæmi (22) er orðið kallað „menning-

⁶¹ Athugasemdir við færslu í Facebook-hópnum *Málvöndunarþátturinn*, 8. ágúst 2021, sótt 1. júlí 2025.

⁶² Athugasemdir við sömu færslu.

arróttækt rugl“ og í dæmi (24) er því lýst sem niðurlægingu íslenskrar tungu. Ljóst er af ummælunum í dæmum (20–24) að málnotendunum þykja forskriftarreglur íslensku mikilvægari en réttindabaráttan hinsegin fólks og að þeir telja viðleitni þess til málstýringar aðför að íslenskri tungu og persónuárás gegn þeim sjálfum.

Í dæmum (25–26) sjáum við athugasemdir við frétt á Facebook-síðu *Fréttablaðsins* um úrslit hýrðakeppni Samtakanna ’78 árið 2021 þar sem meðal annarra orða voru kynnt nýyrðin *kvár*, *stálþ*, *mágkvár* og *svilkvár*.

(25) Djöfulsins úrkynjun er maðurinn að verða. Hættið þessu bulli. Fólk er bara gaga og allt tekið trúanlegt og öllu þarf að breyta vegna einhvers öðruvísi hóps. Mátt alveg vera öðruvísi, en þarf ekki að gera svona mikið úr öllum afbrigðheitum!

(26) Þetta er nú meira endemis kjaftæðið! Hvað með gamalt og gott íslenskt orð: Viðrini?⁶³

Málhafinn í dæmi (25) kallar nýyrðin úrkynjun og gagnrýnir að „öllu“ þurfi að breyta vegna jaðarhóps sem viðkomandi telur geðveikan og afbrigðilegan og notar þar með dæmigerða orðræðu til að afmennska hópinn sem um er rætt. Málhafinn í dæmi (26) leggur til að í stað nýyrðanna verði notað hið „gamla og góða íslenska orð“ *viðrini* og notar þar með sama rökstuðning fyrir niðrandi orðanotkun og við sáum í dæmi (16). Dæmi (27–28) eru af sama umræðuþræði.

(27) Ég heiti [...]. Hán er tilbúningur rétt eins og öll “nýyrðin” sem fundin voru upp í stað erlendra tölvuorða og eins um vélarhluti. En þessi orð eru bara aldrei notuð. Það sama mun gerast með þessi orð. Það verður áfram strákur og stelpan. Ef að stelpan eða strákurinn fer hinsvegar í kynleiðréttingu þá mun þetta að sjálfsögðu breytast. En í guðanna bænum hættið að hræra í íslenskunni.

(28) Ekki rétt [...]. Íslenskan er alltaf eins. Það þarf ekki alltaf að breyta henni. Þessi orðskrípi eru hreint útsagt hræðileg. Ég mundi aldrei gera barninu mínu það að ávarpa það með Hán ef það kæmi út úr skápn-um. Og hvernig þýðurðu svo þessi orð yfir á enska tungu? Það hlýtur að vera hægt ef þau eru til í málinu. En ef þú vilt tala eitthvað annað

⁶³ Athugasemdir við frétt á Facebook-síðunni *Fréttablaðið*, 21. janúar 2021, sótt 1. júlí 2025.

mál en íslenskuna þá er það bara þitt mál. En ég ætla að halda mig við íslenskuna.⁶⁴

Í dæmi (27) heldur málhafinn því fram að nýyrðin muni aldrei komast í notkun og líkir þeim við önnur nýyrði um tölvur og vélarhluti, án þess að skýra þau nánar. Málhafinn kallar svo eftir því að fólk „hætti að hræra í íslenskunni“. Í dæmi (28) heldur sami málhafi áfram og segist ekki myndu ávarpa barn sitt með persónufornafninu *hán*, jafnvel þótt barnið bæði um það sjálft. Hann segir enn fremur að engin ástæða sé til að breyta íslensku máli sem sé alltaf eins og að mál-breytingar sem hinsegin málstýring kallar á sé ekki íslenska. Þetta er kunnuglegt stef sem heyrir gjarnan í almennri málfarsumræðu þar sem forskriftarreglur eru settar öllu ofar og óæskileg tilbrigði eru kölluð útlend og ógn við íslenska tungu.

Í dæmum (29–31) sjáum við athugasemdir við frétt á Facebook-síðu *Vísir* þar sem sagt er frá því að nýfædd börn sem ekki hefur verið gefið nafn verði ekki lengur skráð sem *Drengur* og *Stúlka*. Margir notendur síðunnar virtust mis-skilja fréttina og héldu að hún fjallaði um breytingu á kynskráningu barna við fæðingu, þar með taldir málhafarnir í dæmum (29–31):

(29) Áður en við vitum af verður tekið frá okkur að vera dóttir og sonur....
þ.e.a.s t.d ArnarsDÓTTIR þetta er ópolandi kjaftæði ! Minnihluta-
hóparunk sem þjónar engum tilgangi...

(30) Öfgafeministar og öfgakynvillingar farnir að stjórna öllu...

(31) A: Þetta gengur þar til við hettum að kjósa eintóma hvorugkyns kyn-villinga á þing. Við erum svo mikið fyrir heimsmet að við áttum fyrsta lesbíska forsætisráðherrann, hann reyndist nú ekki nógu vel, nú erum við að prófa aftur og enn sem komið er hefur hommíski ráðherrann lítið gagn gert nema taka á móti kaupinu sínu. Næst skulum við prófa tvítóla kynvilling. Aldrei að vita hvað kemur út úr því.

B: eða þríbóla hán. Bara, af því bara.⁶⁵

Í dæmi (29) kallar málhafi jafnréttisbaráttu kynsegin fólks „ópolandi kjaftæði“ og „minnihlutahóparunk sem þjónar engum tilgangi“ og lýsir ótta sínum við að íslenska kenninafnahefðin verði „tekin frá“ þjóðinni af í þágu hennar. Mál-

⁶⁴ Athugasemdir við sömu frétt.

⁶⁵ Athugasemdir við frétt á Facebook-síðunni *Vísir*, 28. ágúst 2021, sótt 1. júlí 2025.

hafinn í dæmi (30) tekur undir og segir að öllu sé stjórnað af „öfgafeministum“ og „öfgakynvillingum“. Í dæmi (31) kennir málhafi (A) því um að á Alþingi sitji „eintómir hvorugkyns kynvillingar“ og vísar til fyrrverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og Guðmundar Inga Guðbrandssonar sem var ráðherra þegar athugasemdin var skrifuð. Hann leggur svo til að næst verði „tvítóla kynvillingur“ kosinn á þing. Málhafi (B) svarar og leggur til að þess í stað verði „þríbóla hán“ valið og notar þar með kynhlutlausu persónufornafnið með niðrandi hætti gegn jaðarsetta hópnum sem berst fyrir notkun þess.

Í ummælunum sem við höfum séð í þessum kafla er óhætt að segja að mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu skarist; þau innihalda fordómafulla og heiftarlega orðræðu sem kyndir undir afmennskun og útilokun jaðarsetta hópsins sem hún beinist gegn en í þeim heyrast líka kunnugleg stef úr íslenskri málfarsumræðu; málhafarnir líta á hinsegin málstýringu sem utanaðkomandi ógn sem leiðir til hnignunar íslenskrar tungu. Af ummælunum er ljóst að málnotendurnir telja varðveislu eldri málvenja mikilvægari en réttindabarátta kynsegin fólks, sem málhafarnir upplifa sem árás gegn sér og íslenskri tungu. Varðveisla þjóðtungunnar, sem gæti talist göfugt markmið í öðru samhengi, snýst upp í andhverfu sína og verður grundvöllur hatursorðræðu og útilokunar.

4. Samantekt og lokaorð

Í þessari grein var fjallað um mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu og það sem gerist þegar mengi þeirra skarast. Sagt var frá því hvernig íhaldssöm viðhorf íslenskra málhafa til tungumálsins mynda eiginleika íslenskrar þjóðarsjálfsmyndar og hvernig þessi eiginleiki getur verið grundvöllur fordóma og öðrunar. Kynntar voru niðurstöður rannsóknar á eittraðri málfarsumræðu íslenskra málhafa á samfélagsmiðlum á árunum 2014–2022, þar sem skoðaðar voru athugasemdir málhafa úr umræðuhópum á samfélagsmiðlum. Greindar voru þrjár ólíkar birtingarmyndir þess að hatursfull eða eitruð ummæli séu látin falla í skjóli málvöndunar eða varðveislu íslenskrar tungu.

Í byrjun þessarar greinar var sagt frá því að almenn málfarsumræða í íslensku samfélagi geti verið heiftarleg og jafnvel ofbeldisfull, þar sem hefð hefur skapast fyrir því að niðurlægja aðra málhafa vegna málfars þeirra og ráðast á persónu þeirra. Færð hafa verið rök fyrir því að þessi hefð geti skapað umhverfi þar sem heiftarleg og eitruð orðræða fær að þrífast og er talin eðlileg. Í greininni var fjallað um bein og óbein áhrif hatursorðræðu á þá einstaklinga sem hún beinist gegn en einnig á samfélagið í heild sinni sem undirstrikar mikilvægi þess að gefa ummælum af þessu tagi gaum og að taka því alvarlega hversu hættuleg

þau geta verið, sama hver það er sem lætur þau falla. Með því að leyfa heiftarlega málfarsumræðu eru fordómar og ofbeldi samþykkt og við það skapast fullkomið umhverfi fyrir hatursorðræðu til að þrífast. Ef heiftarleg málfarsumræða er samþykkt er hatursorðræða það einnig og þar með er stuðlað að útbreiðslu fordóma sem ógnar öryggi þeirra jaðarsettu hópa sem hún beinist gegn.

ÚTDRÁTTUR

Á Íslandi er löng hefð fyrir virkri umræðu um málfar og málvöndun sem einkennist gjarnan af íhaldssömum viðhorfum íslenskra málhafa gagnvart þjóðtungu sinni. Undanfarna áratugi hefur sú umræða í miklum mæli tekið sér bólfestu í athugasemdakerfum fréttamiðla og á samfélagsmiðlum. Málfarsumræðan fjallar að miklu leyti um skilgreiningar málhafa á „réttu“ og „röngu“ máli og getur hún stundum verið ansi neikvæð, jafnvel byggð á fordómum gagnvart öðrum málhöfum þar sem ákveðinn hópur málvöndunarsinna, sem telur sig tala rétt og gott mál, tengir hin ýmsu tilbrigði tungumálsins við mannkosti og sýnir yfirburði og vald gagnvart öðrum málhöfum, jafnvel á ofbeldisfullan hátt. Í þessari grein er fjallað um mörk málfarsumræðu og hatursorðræðu og það sem gerist þegar mengi þeirra skarast. Kynntar verða niðurstöður rannsóknar á eitradri málfarsumræðu íslenskra málhafa á samfélagsmiðlum á árunum 2014-2022. Í rannsókninni voru skoðaðar athugasemdir málnotenda og greindar þrjár ólíkar birtingarmyndir þess að hatursfull eða eitruð ummæli séu látin falla í skjóli málvöndunar eða varðveislu íslenskrar tungu. Að lokum verða færð rök fyrir því að neikvæð og ofbeldisfull málfarsumræða skapi vettvang fyrir útbreiðslu fordóma og hatursorðræðu sem ógnar öryggi þeirra jaðarsettu hópa sem hún beinist gegn.

Lykilorð: Hatursorðræða, málfarsumræða, félagsmálvísindi, málfarssmánun, málfarsleg aftenging, málfarsleg útilokun.

ABSTRACT

Dangerous Prescriptivist Discourse

Iceland has a long tradition of active prescriptivist discourse, which is often characterized by conservative attitudes of Icelandic speakers towards their national language. In recent decades, this debate has largely taken root in the comment systems of news media and on social media. The discourse largely deals with speakers' definitions of the “correct” and “incorrect” use of language and can sometimes be quite negative, even based

on prejudice against other speakers, as some prescriptivists associate linguistic variables with human qualities and demonstrate superiority and power over other speakers, sometimes in a hostile or violent way. This article discusses the boundaries of prescriptivist discourse and hate speech and what happens when their sets overlap. The article presents the results of a study examining toxic prescriptivist discourse among Icelandic speakers on social media from 2014 to 2022. The study examined the comments of speakers and analyzed three different manifestations of hateful or toxic speech that are used under the guise of prescriptivism or the preservation of the Icelandic language. Finally, it is argued that negative and violent linguistic discourse creates a platform for the spread of prejudice and hate speech that threatens the safety of the marginalized groups it is directed against.

Keywords: Hate speech, prescriptivist discourse, sociolinguistics, linguistic shaming, linguistic disconnection, linguistic exclusion.

INGUNN HREINBERG INDRIÐADÓTTIR

Aðjunkt við Deild faggreinakennslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

ingunn@hi.is